

Fundarnúmer:	557
Dagsetning:	08.09.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
2. Viðræður við framkvæmdastjóra SSNV.
3. Ráðning skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
4. Erindi Ólafs Benediktssonar, áður lagt fram á 552. fundi byggðarráðs.
5. Bréf Katrínar Óskar Guðmannsdóttur.
6. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. Bréf Fjárlaganefndar Alþingis.
8. Aðalfundarboð Verslunarminjasafnsins á Hvammstanga.
9. Tjaldsvæðið í Kirkjuhvammi.
10. Bréf Félags- og Tryggingamálaráðuneytisins.
11. Bréf Þórðar Skúlasonar.

Afgreiðslur:

1. Guðmundur H. Sigurðsson, Geir Karlsson, Guðrún E. Benónýsdóttir og Helga Hreiðarsdóttir, fulltrúar Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga eru mætt til viðræðna við byggðarráð um stöðu stofnunarinnar. Gerðu þau grein fyrir rekstrarstöðu stofnunarinnar og tillögum um leiðir til úrbóta. Farið yfir stöðu mála en fulltrúar Húnaþings vestra munu fara yfir málefni stofnunarinnar á fundi með fjárlaganefnd Alþingis nk. miðvikudag. Þá voru kynntar tillögur starfshóps um samþættingu þjónustu við aldraða í Hvammstangalæknishéraði. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga, Húnaþings vestra og Bæjarhrepps. Tillögurnar eru í 7 liðum en meginmarkmið þeirra er að þjónusta við aldraða í læknishéraðinu verði til fyrirmyndar og jafnist á við það sem best gerist annarsstaðar. Einnig lagt fram yfirlit um þá þjónustu sem öldruðum stendur til boða á svæðinu.
2. Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri SSNV er mættur til fundarins. Gerði hann grein fyrir stöðu atvinnamála sem SSNV-atvinnuþróun hefur unnið að m.a. kalkþörungavinnslu í Húnaflóa.
3. Oddviti upplýsti að Bergný Jóna Sævarsdóttir hefur ákveðið að segja sig frá ráðningu skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að Sigurður Þór Ágústsson verði ráðinn skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra.
4. Erindi Ólafs Benediktssonar, áður lagt fram á 552. fundi byggðarráðs. Byggðarráð samþykkir að veita kr. 50.000- til merkingar á dilkum í Víðidalstungurétt.
5. Fram lagt bréf Katrínar Óskar Guðmannsdóttur en þar segir hún upp leigu íbúðar að Hvammstangabraut 16 efri hæð. Uppsögnin samþykkt.
6. Fram lagt til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga en þar er gerð grein fyrir yfirlýsingu stjórnar sambandsins um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og bókun um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga.
7. Fram lagt bréf Fjárlaganefndar Alþingis en þar er sveitarstjórnnum gefinn kostur á að eiga fundi með nefndinni í september mánuði. Sveitarstjóri hefur bókað fund með nefndinni miðvikudaginn 10. september nk.
8. Fram lagt aðalfundarboð Verslunarminjasafnsins á Hvammstanga en fundurinn verður haldinn í húsnæði safnsins 11. september nk. kl. 20:00. Byggðarráð tilnefnir Guðnýju Helgu Björnsdóttur sem aðalmann í stjórn og Þ. Karl Eggertsson til vara.
9. Í kjölfar uppsagnar á leigusamningi um rekstur tjaldsvæðis í Kirkjuhvammi felur byggðarráð sveitarstjóra að ganga til viðræðna við Bland í poka ehf. v/ þjónustuhúss.

10. Fram lagt bréf Félags- og Tryggingamálaráðuneytisins en þar er greint frá því að Húnaþing vestra hefur verið valið til að taka þátt í rannsókn í félagsþjónustu og barnavernd. Byggðarráð samþykkir að taka þátt í rannsókninni og vísar bréfinu til félagsmálastjóra.

11. Fram lagt bréf Þórðar Skúlasonar þar sem hann færir sveitarstjórnarmönnum, framkvæmdastjórum sveitarfélaga og öðrum starfsmönnum sveitarfélaga kveðjur í tilefni starfsloka sinna þann 1. september sl. Byggðarráð þakkar Þórði Skúlasyni mjög gott samstarf á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni.

Samþykkt að taka á dagskrá:

12. Fram lögð umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags v/ Aðalheiðar S. Njálisdóttur í Giljaskóla skólaárið 2008-2009. Byggðarráð samþykkir beiðnina.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:45

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.).

Elín R. Líndal(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.),